

Nd.

468. Nefndarálit

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka lán vegna framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1973.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Þetta frv. var lagt fyrir Alþingi hinn 13. desember s. l.

Fyrirverandi ríkisstjórn tók upp bann síð að semja framkvæmdaáætlun um opinberar framkvæmdir utan fjárlaga fyrir komandi ár og gera Alþingi grein fyrir þeim samtímis fjárlagafrumvarpi. Var þetta gert í sambandi við öflun lánsheimildar til þessara framkvæmda. Það er og efni þessa frv. Jafnframt kynnti fyrirverandi ríkisstjórn fyrir Alþingi útlánafyrirætlanir fjárfestingarsjóða og nauðsynlega fjáröflun í því skyni, enda má segja, að líta verði á allt þrennt í senn til þess að fá heildaryfirlit yfir fjárhörf opinberra aðila og atvinnuveganna og fjáröflun í þessu skyni. Æskilegt er að hætta hér við fjárhörf og fjáröflun til íbúðarhúsabygginga.

Fjárlög voru afgreidd skömmu fyrir jól. Þau voru raunverulega afgreidd með mjög verulegum tekjuhalla. en ríkisstjórninni heimilað að lækka tiltekin opinber gjöld um allt að 15%. Auðvitað er fráleitt, að ríkisstjórn skuli leggja til við Alþingi, að það samþykki útgjöld á fjárlögum, sem ríkisstjórnin jafnframt segir um, að hljóti að lækka, af því að þau séu ákveðin of há, en ekki vegna hins, að hætta sé á því, að tekjur hrestu eða aðstæður breytist. Vegna þessarar einstæðu fjárlagaafgreiðslu ákvað Alþýðuflokkurinn að greiða atkvæði gegn fjárlagafrumvarpinu.

Nú eru liðnir þrjú mánuðir síðan þetta gerðist. Í fjárhags- og viðskiptanefnd hefur verið upplýst, að ríkisstjórnin er ekki enn búin að taka ákvörðun um, að hversu miklu leyti heimild til lækkunar á fjárlagaútgjöldum verður notuð, né heldur, hvaða liðir verði lækkaðir. Þá var það fyrst fyrir nokkrum dögum, að ríkisstjórnin afhenti fjárhags- og viðskiptanefnd tillögur um breytingar á framkvæmdaáætluninni, sem Alþingi var skýrt frá í desember s. l. Er þar um að ræða heildarhækkun á framkvæmdaáætluninni og þar með fjáröflun til hennar, sem nemur 250 millj. kr. Ríkisstjórnin hefur knúið mjög fast á um það, að nefndin afgreiddi frv. með um-

beðnum breytingum, án þess að hún hafi getað skýrt frá því, hvernig hún hyggst breyta fjárlagafrumvarpinu. Alþingi er m. ö. o. ætlað að veita heimildir til fjáröflunar til framkvæmda utan fjárlaga, án þess að því sé skýrt frá því, hverjar verði framkvæmdir samkvæmt fjárlögum. Þetta hefur ekki komið fyrir áður. Slíkt eru auðvitað óverjandi vinnubrögð og eitt af mörgum dæmum, sem fer sífjöldandi, um það, að stjórnarflokkarnir geta ekki komið sér saman um nein grundvallaratriði stefnunnar í efnahagsmálum.

Hitt er þó enn alvarlegra, að þegar spurzt var fyrir um það í fjárhags- og viðskiptanefnd, hverjar væru útlánafyrirætlanir fjárfestingarsjóðanna og hver fjáröflun til þeirra væri fyrirhuguð, þá fengust engin svör. Engar áætlanir eru fullgerðar um það, hversu mikið fé opinberir fjárfestingarsjóðir muni hafa til ráðstöfunar á árinu 1973, og þess vegna eru heldur engar áætlanir til um ráðstöfun slíks fjár eða m. ö. o. um útlán sjóðanna.

Í skýrslu Efnahagsmálanefndar til ríkisstjórnarinnar um horfur, markmið og leiðir í efnahagsmálum, sem samin var í nóvember 1972 og afhent var alþm. síðar, er rætt um fjáröflun til opinberra framkvæmda og fjárfestingarlánasjóða. Í þeim frumdrögum að framkvæmdaáætlun ríkisins, sem miðað var við í fyrra hefti skýrslunnar, var fjáröflunarþörf til opinberra framkvæmda utan fjárlaga 1324 millj. kr. og skuldagreiðslur á framkvæmdaáætlun 115 millj. kr., þannig að fjáröflunarþörf opinberra framkvæmda utan fjárlaga var áætluð 1440 millj. kr. Við þessa tölu var síðan bætt framkvæmdaáformum Landsvirkjunar við Sigöldu, sem metin voru á 480 millj. kr. á þessu ári, og hraðbrautaframkvæmdum samkvæmt vegáætlun. 90 millj. kr., en báðum þessum framkvæmdum voru talin tengd sérstök fjáröflunaráform erlendis, sem næmi allri framkvæmdafjárhæðinni.

Þá var getið um lántöku Pósts og síma erlendis vegna tækjakaupa, um 90 millj. kr., og lántöku Akureyrarkaupstaðar vegna framkvæmda, um 40 millj. kr. Við þessa tölu var síðan bætt fjárvöntun frá árinu 1972, um 20 millj. kr., og heildarfjáröflunarþörf til opinberra framkvæmda metin 2160 millj. kr. Eru þá aðrar sveitarfélagaframkvæmdir en ofangreindar 40 millj. til Akureyrar ekki taldar með. Útlánaáform Lánasjóðs sveitarfélaga koma fram í sambandi við fjárþörf sjóðakerfisins, sem síðar verður vikið að. Fjárvöntun fjárfestingarlánasjóðanna, að slepptum íbúðalánasjóðum og lífeyrissjóðum, annarra en Framkvæmdasjóðs sjálfs, var áætluð 2110 millj. kr. vegna útlánaáforma á þessu ári. Við þessa tölu bættist svo fjárvöntun frá fyrri árum, 430 millj. kr. Heildarfjárþörf fjárfestingarlánasjóðakerfisins, áður en tekið var tillit til ráðstöfunarfjár Framkvæmdasjóðs, var því talin nema 2540 millj. kr. á þessu ári.

Að sjálfsögðu var hér ekki um „fjárvöntun“ að ræða í þeim skilningi, að afla þyrfti algerlega „nýs fjár“ sem þessu næmi, þar eð um er að ræða reglubundna fjáröflun og þegar ráðgerðar lántökur í þessu skyni. Þau fjáröflunaráform, sem vitað var um, námu 1580 millj. kr. Þar af námu erlendar lántökur 780 millj. kr. og endurgreiðslur, eigið fé og innlend lán 800 millj. kr. En heildarfjáröflunarsvandinn, sem talinn var blasa við í nóvembermánuði s. l., nam þannig 3120 millj. kr. (fjáröflunarþörf vegna opinberra framkvæmdaáforma 2160 millj. + fjáröflunarþörf vegna útlánaáforma fjárfestingarlánasjóða 2540 millj. ÷ þegar þekkt fjáröflunaráform 1580 millj.). Þannig var í nóvember s. l. talið skorta rúmlega 3000 millj. kr. á, að hægt væri að hrinda í framkvæmd fyrirhuguðum framkvæmdum hins opinbera og fyrirhuguðum útlánunum fjárfestingarsjóða, nema til kæmu nýjar fjáröflunaraðferðir umfram þær, sem þegar voru ráðgerðar og þekktar, eða niðurskurður á framkvæmdum á fjárlögum og utan fjárlaga.

Í öllum meginatriðum allra þriggja valkosta Efnahagsmálanefndarinnar var bent á nauðsyn þess að lækka áform um opinberar framkvæmdir og útlánaáform fjárfestingarlánasjóða miðað við fyrrnefndar áætlanir. Taldi nefndin lækkunarþörfinna vera á bilinu 700—1700 millj. kr. Áætlanirnar voru endurskoðaðar, bæði í samræmi við lækkun útgjaldaáforma samkvæmt mati Framkvæmdastofnunar og með

tilliti til ákvarðana, sem teknar voru um fjármögnun hallans, sem varð á áætlun ársins 1972. Með þessu móti tókst að lækka áætlanir um opinberar framkvæmdir og útlán fjárfestingarlánasjóða um 800 millj. kr. Þegar reiknað hafði verið með sölu spariskirteina, happdrættisbréfa og annarri venjubundinni innlendri og erlendri fjáröflun, stóð enn eftir fjárvöntunarvandamál, sem nam 1741 millj. kr. Þar af voru 416 millj. kr. vegna opinberra framkvæmda, en um 1325 millj. kr. vegna fjárfestingarlánasjóðanna.

Þessi fjáröflunarvandi, sem gerð var grein fyrir í skýrslu Efnahagsmálanefndarinnar, er óleystur enn, og eru þó nær fjórir mánuðir síðan ríkisstjórninni var gerð grein fyrir honum.

Þingflokkur Alþýðuflokksins sér ekki ástæðu til þess að taka afstöðu til þessa frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka lán vegna framkvæmda-áætlunar fyrir 1973, fyrst ríkisstjórnin hefur ekki enn treyst sér til að taka ákvörðun um það, hvaða opinberum framkvæmdum á fjárlögum skuli frestað. Hún hefur ekki heldur getað náð neinu samkomulagi um, hvernig aflu skuli fjár til fjárfestingarlánasjóðanna, og getur því ekki skýrt Alþingi frá því, hversu útlán þeirra muni verða mikil á þessu ári. Það er í raun og veru óframbærilegt, að ætlast til þess, að Alþingi veiti ríkisstjórninni heimildir til lántöku til framkvæmda utan fjárlaga, án þess að hægt sé að gera því grein fyrir, hverjar framkvæmdir muni verða samkvæmt fjárlögum, hversu útlán opinberra fjárfestingarlánasjóða muni verða mikil og hver skuli vera fjáröflun til þeirra.

Öll þessi atriði þurfa að tengjast í heildaryfirsýn yfir fjárfestingarmálin og fjármagnsmarkaðinn. Meta þarf svigrúmið til lántöku innanlands og utan. Alþingi hefur ekki verið gerð nægileg grein fyrir þessum atriðum, til þess að slíkri yfirsýn megí ná. Í stuttu máli sagt: Heildarstefnu í fjárfestingarmálum skortir.

Af þessum sökum mun þingflokkur Alþýðuflokksins ekki greiða atkvæði um þetta frumvarp.

Alþingi, 29. marz 1973.

Gylfi Þ. Gíslason.